

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 21. janúar 1971, er gullgildi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 krónum.

Samkvæmt opinberum skýrslum er m/b Steinunn, SF 10, 72 brúttórúmllestir.

Refsing ákærða samkvæmt áðurtöldum lagaákvæðum þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin sekt til Landhelgisjórðs Íslands, kr. 40.000.00, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri m/b Steinunnar, SF 10, skulu gerð upptæk til handa Landhelgisjórði Íslands.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Sigurðsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri m/b Steinunnar, SF 10, skulu gerð upp-
tæk til handa Landhelgisjórði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-
varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar
hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. desember 1971.

Nr. 173/1971. Sverrir Georgsson

gegn

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. júní 1971, sem barst Hæstarétti 10. nóvember

1971, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 3. júní 1971. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur. Hann krefst ekki kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili byggir málssókn sína á hendur varnaraðilja á ákvæðum 67. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 40/1968. Samkvæmt ákvæðum 74. gr. sömu laga verða slík mál eigi höfðuð gegn váttryggingarfélagi einu sér. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Einars Arnalds og Gizurar Bergsteinssonar.

Vinnuvélar s/f, Akureyri, félagsskapur kæranda og bróður hans, er eigandi kranabifreiðarinnar A 861. Kærandi varð fyrir slysi, þá er þeir bræðurnir og sonur kæranda voru hinn 21. júlí 1968 að stytta bómu kranabifreiðarinnar, svo sem í héraðsdómi greinir. Kærði hafði tekizt á hendur váttryggingu vegna kranabifreiðarinnar samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Kærandi taldi rétt að sækja kærða beint til greiðslu váttryggingarbóta, þar sem kærandi og bróðir hans voru í raun rétttri eigendur kranabifreiðarinnar. Kærði telur hins vegar, að kæranda bresti heimild í lögum til að beina slíku máli gegn sér og krefst frávísunar. Vísar hann til 1. mgr. og 2. mgr. 74. gr. nefndra laga máli sínu til stuðnings.

Í 74. gr., 1. mgr., segir einungis, að stefna skuli váttryggingarfélagi, sem váttryggt hefur ökutæki, til réttargæzlu í einkamáli á hendur manni til heimtu fébóta samkvæmt 67. gr. og 68. gr. sömu laga. Hér er þess eigi krafizt, að gerðar séu kröfur á hendur váttryggingarfélaginu. En í 2. mgr. sömu

74. gr. er svo mælt, að höfða megi slíkt mál jafnframt gegn váttryggingarfélaginu og sé þá dómur í málinu bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gegn því. Það, sem leitt verður með vissu af hinum tveimur málsgreinum 74. gr. laga nr. 40/1968, skýrðum í samræmi við eðli málsins, er þetta: Samaðild (litis consortium) er ekki með manni, sem sóttur er til fébóta samkvæmt 67. og 68. gr. nefndra laga, og váttryggingarfélagi því, sem í hlut á, þannig að réttarfarsnauðsyn sé til að stefna þeim, hvorum tveggja, til greiðslu í einu og sama máli. Hins vegar er heimild til að steypa saman (kumulera) málunum á hendur þeim, ef sækjandi óskar, og dæma þá báða aðilja í einu og sama máli.

Það er meginregla íslenzks réttar, að maður má sækja á hendur öðrum manni hvert það sakarefni, sem hag aðilja varðar og lög og landsréttur nær til, nema lög eða grunnreglur laga fyrirmuni honum það. Það er eigi hald í þeirri skýringu á 1. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968, sem skýtur loku fyrir það, að kærandi, sem er í sérstakri aðstöðu, leiti með málssókn gegn kærða einum svars dómstóla við því, hvort á kærða hvíla váttryggingarskyldur vegna slyss þess, sem kærandi varð fyrir hinn 21. júlí 1968.

Að svo vöxnu máli, sem að framan greinir, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum er rétt að dæma kærða til að greiða kærumálaskostnað, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar og dæma það að efni til.

Kærði, Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði kæranda, Sverri Georgssyni, kærumálaskostnað, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1971.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms 14. maí s.l., hefur Sverrir Georgsson, Þórunnarstræti 125, Akureyri, höfðað

fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. febrúar 1970, og framhaldsstefnu, útgefinni 12. ágúst 1970, gegn Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð samtals kr. 2.000.000.00 — tvær milljónir króna — með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi hefur með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 2. janúar 1970, fengið gjafsóknarleyfi í máli þessu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Hvernig sem málið fer, er af hálfu stefnda krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda gerð sú krafa, að framkominni frávisunarkröfu stefnda verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað í þeim þætti málsins, en málið er nú úrskurðað eða dæmt aðeins að því er til frávisunarkröfunnar tekur.

Stefnandi kveður tildrög máls þessa vera þau, að sunnudaginn 21. júlí 1968 hafi hann ásamt bróður sínum, Guðmundi Georgssyni, Suðurbyggð 5, Akureyri, og syni sínum, Kristni, 17 ára að aldri, unnið að því að stytta bómu kranabifreiðarinnar A 861. Bifreiðin hafi verið á bersvæði nálægt Sandvík í Glerárhverfi á Akureyri. Stefnandi kveður bómuna vera samsetta úr fjórum einingum og þegar stytta skuli hana, sé annað miðstykkið fjarlæggt og síðan hin þrjú tengd á ný. Stefnandi kveður verkaskiptingu við umrætt verk hafa verið þannig, að hann hafi losað bolta, sem tengt hafi einingar bómunnar, Guðmundur hafi stjórnað vörubifreið með krana, sem lyfta skyldi hlutum þeim, sem losaðir væru, en Kristinn hafi aðstoðað. Er fremsti hluti bómunnar hafði verið felldur, hafi verið tekið til við að losa þann næstfremsta, og kveður stefnandi járn gálga hafa verið fremst undir þeim hluta. Stefnandi kveðst hafa losað og slegið úr tvo neðri bolta úr þessari samsetningu og hafi þá tveir boltar verið eftir í efri hornum samsetningarinnar. En við þetta hafi bóman sigið niður á hann, en hann kveðst hafa þurft að vinna hálfboginn undir bómunni. Kveður stefnandi hrygg sinn og mænu hafa skaddast svo við þetta, að hann sé óvinnufær síðan.

Stefnandi kveður kranabifreiðina A 861 hafa verið ábyrgðartryggðá hjá stefnda, Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, en samkvæmt váttryggingarskírteini sé notkun bifreiðarinnar skýrð sem

kranabifreið og váttryggingarupphæðin kr. 2.000.000.00. Tryggingartímabil 1. maí 1968 til 1. maí 1969.

Stefnandi kveðst telja, að samkvæmt 67. gr. umferðarlaga frá 26. maí 1968 sé þeim, sem ábyrgð beri á ökutækinu A 861, skylt að bæta tjón hans. Eigandi A 861 hafi verið Vinnuvélar s/f, Akureyri, en eigendur þess fyrirtækis séu stefnandi og áðurnefndur Guðmundur og bróðir hans að jöfnum hluta hvor. Mál þetta sé því höfðað gegn Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f samkvæmt heimild í 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Stefndi styður nú frávísunarkröfu sína þeim rökum, að lagaheimild skorti til að stefna stefnda einum í máli þessu, en túlkun stefnanda á 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga sé röng. Þessa lagagrein verði að skýra í samhengi og í 1. mgr. sé um það rætt, að skylt sé að gefa váttryggingarfélagi kost á að gæta réttar síns í einkamáli, sem höfðað sé gegn manni til heimtu bóta samkvæmt 67. gr. og 68. gr. umferðarlaganna. Síðan segi í 2. mgr., að slíkt mál megi jafnframt höfða gegn váttryggingarfélaginu og sé þá dómur í því bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gagnvart því. Lögin segi ekki, að mál megi höfða eingöngu gegn félaginu, heldur jafnframt málssókn á hendur þeim, er ábyrgð kunni að bera samkvæmt 67. eða 68. gr.

Við munnlegan flutning málsins um frávísunarkröfuna reisti stefnandi kröfu sína um, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið, fyrst og fremst á 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem hann kvaðst telja, að feli í sér heimild til málshöfðunar gegn tryggingarfélaginu einu saman undir þeim kringumstæðum, sem hér um ræðir.

Það er regla umferðarlaga að sækja ábyrgðarmann ökutækis til bóta vegna tjóns, sem af notkun þess verður, sbr. 67. og 68. gr. laganna. Í 2. mgr. 74. gr. nefndra laga segir hins vegar, að sækja megi slíka kröfu jafnframt gegn váttryggingarfélagi því, er váttryggt hefur ökutækið.

Þetta ákvæði verður að túlka á þann veg, að váttryggingarfélagið verði eingöngu sótt til greiðslu bóta við hlið ábyrgðarmanns ökutækisins og beri þá óskipta skyldu með honum.

Þar sem váttryggingarfélaginu hefur einu verið stefnt í máli þessu, ber samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 að vísa því frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.00 og greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður tals-

maður hans, Ásmundur Jóhannsson héraðsdómslögmaður, kr. 30.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 40.000.00, greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður talsmaður hans, Ásmundur Jóhannsson héraðsdómslögmaður, kr. 30.000.00.

Miðvikudaginn 15. desember 1971.

Nr. 128/1970. **Kristján Eiríksson**

gegn

Andrési Óskarssyni og Stefáni Óskarssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Kristján Eiríksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Andrési Óskarssyni og Stefáni Óskarssyni, sem látið hafa sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 8.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.